

## Réttindaráð Unicef. Miðvikudagur 6. október 2021

### Fundargerð

Mætt: Atli og Sunna, Hrafnhildur, Fannar, Ragnar Ó. Sóley, Yazabelle, Emelía, Jóhanna, Daníel, Árni, Kristín, Arngrímur, Pétur, Örlygur, Vaka, Eva, William, Elísa og Hákon. Berglind, Mæja, Íris og Dóra Soffía kennarar.

Efni fundar:

Magnea skólustjóri mætti og sýndi myndir af hönnun setustofa fyrir nemendur skólans sem vöktu mikla lukku.

Farið var yfir lokadrög að aðgerðaáætlun og hún samþykkt.

Ráðinu kynnt svæði á heimasíðu skólans þar sem nemendur geta komið með ábendingar til ráðsins og stjórnenda skólans. Einnig var ákveðið að réttindaráðsfulltrúarnir myndu kynna þetta í sínum árgöngum.

Nemendur kynntu ábendingar frá bekkjarfélögum sínum um hvað betur mætti fara í skólstarfinu.

6. bekkur

Sund hjá 6. bekk á miðvikudögum búið of seint – Erum lengur í skólanum en stendur á stundatöflu.

Sund hjá 6. bekk á föstudögum – Við missum af frímínútum og fáum eiginlega engan matartíma.

Pizza í hádegismat – Af hverju að hætta með matinn sem mörgum finnst góður?

Kennari sem kynnti ameríska fótboltann kenndi strákunum meira og hafði ekki trú á að stelpurnar gætu spilað – skammaði þær fyrir mistök en hvatti strákana áfram.

Strákar vaða yfir stelpur og sýna óvirðingu á fótboltavelli í frímínútum.

5. bekkur sömu umkvartanir vegna sundsins. Benda á mikla pressu og tímaleysi á mánudögum í matsal vegna sunds og að þau fái ekki mikinn tíma til að borða og þetta valdi þeim vanlíðan.

7. bekkur bendir á að það vanti oft sápu á salernin niðri sem þau nota og að ólag sé á heita vatninu. Einnig eru þau ósátt við hvað rekið er mikið á eftir þeim að borða hádegismat.

Réttindaráð þarf að skila greinargerð vegna úttektar UNICEF og farið var yfir með þeim hvernig það er gert.

Boðað var til aukafundar í næstu viku þann 13. okt kl: 10:00 til að klára það verkefni.

Veitingarnar vöktu lukku að vanda

Fundarstjóri og ritari: Berglind P. Bragadóttir